

JAÐRAKAN

Jaðrakan (eða jaðraka) er með langa fætur og langan gogg sem er einkennandi fyrir vaðfugla, og er hann einn af einkennisfuglum votlendis á láglendi á Íslandi. Jaðrakan notar langan gogginn til að pota djúpt í leirur, mýrar og tjarnabotna eftir hvers konar smádýrum, ormum, skeldýrum, sniglum og lirfum en stundum borðar hann líka fræ og ber.

Jaðrakan verpur í og við margskonar votlendi á láglendi um mestallt land, og aldrei langt frá vatni. Hann er yfirleitt þögull en á varptíma gefur hann frá sér einkennandi hljóð, sumum finnst hann segja „vaddúddí – vaddúddí“ og „vita-vita-vita“.

Íslenskir jaðrakanar hafa flestir vetrardvöl í Vestur-Evrópu, einkum Írlandi, en sumir fara til Spánar eða Portúgal og jafnvel alla leið til Marokkó.

